

Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2009–2011

Household expenditure survey 2009–2011

Samantekt

Niðurstöður úr samfelldri rannsókn á útgjöldum heimilanna eru nú birtar fyrir árin 2009–2011 á verðlagi ársins 2011. Niðurstöðurnar eru sundurliðaðar eftir heimilisgerð, búsetu, útgjalda- og tekjuhópum, auk þess sem heildarniðurstöður eru bornar saman við niðurstöður árána 2008–2010. Þá eru birtar niðurstöður eftir árum fyrir helstu útgjaldaflokka og bakgrunnsbreytur. Í úrtakinu voru 3.471 heimili. Alls tóku 1.799 heimili þátt í rannsókninni og var svörun 51,8%.

Helstu niðurstöður

*Útgjöld á heimili jukust um
0,4% frá 2008–2010*

Neysluútgjöld á heimili árin 2009–2011 voru 443 þúsund krónur á mánuði að meðaltali og jukust um 0,4% frá tímabilinu 2008–2010. Meðalfjöldi heimilismanna er 2,4 einstaklingar. Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,0% frá 2010 til 2011 og hafa heimilisútgjöldin dregist saman um 3,5% að teknu tilliti til verðbreytinga.

Lítilsháttar breytingar urðu á skiptingu útgjalda frá fyrra tímabili. Hlutfall matar og drykkjarvöru í heimilisútgjöldum hækkaði milli tímabila, er nú 14,7% en var 14,1%. Hlutfall húsnæðis, hita og rafmagns hækkaði, er 26,5% en var 25,1% af heildarútgjöldunum. Hlutfall húsgagna og heimilisbúnaðar lækkaði úr 5,6% í 4,7%, hlutur tómsunda og menningar minnkaði úr 12% í 11,2% og hlutur ferða og flutninga minnkaði úr 15,1% í 14,4%. Þar gætir enn samdráttar í sölu nýrra bíla.

*Tekjur á heimili jukust um
0,7% umfram útgjöld*

Ráðstöfunartekjur meðalheimilis voru rúmar 514 þúsund krónur á mánuði. Tekjur heimila, sem þátt tóku í rannsókninni 2009–2011, voru 1,1% hærri en tekjur heimila í rannsókninni 2008–2010. Ráðstöfunartekjur á heimili hækkuðu um 0,7% umfram útgjöld. Í rannsókninni nú eru neysluútgjöld að meðaltali 86% af tekjunum en voru 87% á tímabilinu 2008–2010.

Tekjur þess fjórðungs heimila sem hæstar tekjur hafði voru að jafnaði 147% hærri en þess fjórðungs sem lægstar tekjur hafði. Útgjöld þeirra tekjuhæstu voru 63% hærri en tekjuminnsta fjórðungsins.

Sá fjórðungur heimila sem mest útgjöld hafði eyddi 148% meira en sá fjórðungur sem hafði minnstu útgjöldin. Tekjur þeirra útgjaldahæstu voru 30% hærri en tekjur heimilanna í útgjaldalægsta fjórðungnum.



Tilgangur og notagildi

Útgjaldagrunnur fyrir
vísitölu neysluverðs

Megintilgangur rannsóknar á útgjöldum heimilanna er að afla upplýsinga fyrir útgjaldagrunn vísitölu neysluverðs. Vísitala neysluverðs á að meta verðbreytingar á útgjaldaliðum sem snerta heimilisrekstur og daglegt líf fólks. Til þess þarf upplýsingar um hve mikið vægi hver vara og þjónusta hefur í útgjöldum heimilanna. Þær upplýsingar fást úr þessari rannsókn. Niðurstöður rannsóknarinnar eru einnig notaðar við gerð þjóðhagsreikninga og aðrar hagrannsóknir. Rannsóknin veitir þýðingarmikla vitneskju um neyslumynstur þjóðarinnar auk upplýsinga um samsetningu heimilisútgjalda eftir ýmsum félagslegum og efnahagslegum þáttum. Í þessari útgáfu eru birtar niðurstöður eftir búsetu, heimilisgerðum, útgjalda- og tekjuhópum. Úrtak hvers árs er lítið en með því að skeyta gögnum þriggja ára saman verða niðurstöður öruggari. Nýjar niðurstöður eru birtar árlega með þeim hætti að elsta árið er felld burt en nýtt ár tekið með í staðinn.

Ekki rannsókn á framfærsluþörf

Rannsóknin leiðir í ljós hver útgjöld heimilanna eru og hvernig þau skiptast. Ekki er á neinn hátt reynt að meta hvort útgjöld teljast nauðsynleg framfærsla eða ekki. Rannsóknin gefur því ekki upplýsingar um hvað heimili þurfa sér til framfærslu. Rannsóknin nær ekki til útgjalda erlendis.

Tafla 1. Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2010 og 2011

Table 1. Household expenditure survey 2010 and 2011

	2008–2010		2009–2011	
	Þús. króna Thous. ISK	%	Þús. króna Thous. ISK	%
Neysluútgjöld alls <i>Total expenditure</i>	5.302	100,0	5.322	100,0
Matur og drykkjarvörur <i>Food and non-alcoholic beverages</i>	746	14,1	785	14,7
Áfengi og tóbak <i>Alcoholic beverages and tobacco</i>	184	3,5	180	3,4
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	303	5,7	287	5,4
Húsnæði, hiti og rafmagn <i>Housing, water, electricity, gas and other fuels</i>	1.334	25,1	1.410	26,5
Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. <i>Furnishing and household equipment</i>	295	5,6	250	4,7
Heilsugæsla <i>Health</i>	202	3,8	207	3,9
Ferðir og flutningar <i>Transport</i>	798	15,1	765	14,4
Póstur og sími <i>Communications</i>	179	3,4	181	3,4
Tómstundir og menning <i>Recreation and culture</i>	634	12,0	594	11,2
Menntun <i>Education</i>	55	1,0	60	1,1
Hótel og veitingastaðir <i>Hotels, cafés and restaurants</i>	232	4,4	254	4,8
Aðrar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	340	6,4	348	6,5
Fjöldi heimila <i>Number of households</i>	1.861	•	1.799	•
Fjöldi í heimili <i>Number of persons in household</i>	2,4	•	2,4	•

Skýringar Notes: Meðalársútgjöld á heimili 2008–2010 á verðlagi ársins 2010, meðalársútgjöld 2009–2011 á verðlagi ársins 2011. Average annual expenditure per household 2008–2010 at 2010 prices, average annual expenditure per household 2009–2011 at 2011 prices.

Neyslubreytingar

Hrunár að baki Með þessari rannsókn fellur árið 2008 út úr þriggja ára meðaltali. Niðurstöður árána 2009–2011 ná því ekki yfir tímabil jafn örra neyslubreytinga og árin 2008–2010 og auðveldar það túlkun og notkun niðurstaðnanna. Í töflu 2 eru sýndar niðurstöður hvers rannsóknarárs um sig. Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir árum ber að hafa í huga að úrtak hvers árs er lítið og því er ekki hægt að draga víðtækar ályktanir af þeim niðurstöðum.

Tafla 2. Meðalútgjöld á heimili eftir árum 2009–2011

Table 2. Average expenditures per household by years 2009–2011

Á verðlagi 2011 <i>Year 2011 prices</i>	Þús. kr. <i>Thous. ISK</i>		
	2009	2010	2011
Neysluútgjöld alls <i>Total expenditure</i>	5.283	5.184	5.501
Matur og drykkjarvörur <i>Food and non-alcoholic beverages</i>	754	763	838
Áfengi og tóbak <i>Alcoholic beverages and tobacco</i>	178	185	178
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	292	290	278
Húsnæði, hiti og rafmagn <i>Housing, water, electricity, gas and other fuels</i>	1.394	1.415	1.423
Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. <i>Furnishing and household equipment</i>	250	226	274
Heilsugæsla <i>Health</i>	201	190	230
Ferðir og flutningar <i>Transport</i>	858	699	735
Póstur og sími <i>Communications</i>	204	155	183
Tómstundir og menning <i>Recreation and culture</i>	540	597	650
Menntun <i>Education</i>	52	60	70
Hótel og veitingastaðir <i>Hotels, cafés and restaurants</i>	221	250	292
Aðrar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	339	353	352

Í töflu 3 eru útgjöld heimila greind eftir árum og bakgrunnspáttum. Þar má sjá aukningu í útgjöldum allra heimilisgerða milli árána 2010 og 2011. Sé lítið til búsetu virðist neysluaukningin hafa orðið mest á höfuðborgarsvæðinu á meðan neyslu hefur dregist saman í dreifbýli. Breytingar á útgjöldum heimilanna frá 2009–2011 eru ekki tölfræðilega marktækar.


Tafla 3. Meðalútgjöld á heimili eftir árum og bakgrunnspáttum 2009–2011
Table 3. Average expenditures per household by years and social variables
2009–2011

Verðlag 2011 <i>Year 2011 prices</i>	Þús. kr. <i>Thous. ISK</i>		
	2009	2010	2011
Heimilisgerð <i>Type of household</i>			
Allir <i>Total</i>	5.283	5.184	5.501
Einhleypir <i>One-person household</i>	3.222	3.052	3.457
Hjón/sambýlisfólk án barna <i>Couples without children</i>	6.267	5.703	5.791
Hjón/sambýlisfólk með börn <i>Couples with children</i>	6.910	6.854	7.173
Einstæðir foreldrar <i>Single-parent households</i>	4.431	4.109	4.459
Önnur heimilisgerð <i>Other households</i>	6.540	6.912	7.504
Búseta <i>Residence</i>			
Allt landið <i>Whole country</i>	5.283	5.184	5.501
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	5.250	5.191	5.699
Annað þéttbýli <i>Towns outside capital area</i>	5.550	5.244	5.424
Dreifbýli <i>Other communities</i>	4.813	4.985	4.536
Tekjufjórðungur <i>Quartiles of income</i>			
Allir <i>Total</i>	5.283	5.184	5.501
1. fjórðungur <i>1st quartile</i>	4.193	4.167	4.336
2. fjórðungur <i>2nd quartile</i>	4.414	4.616	5.212
3. fjórðungur <i>3rd quartile</i>	5.388	4.886	5.915
4. fjórðungur <i>4th quartile</i>	6.923	6.933	6.915

Á mynd 1 eru útgjöld heimila til valinna útgjaldaflokka borin saman eftir útgjalda-fjórðungum. Þar má sjá að stærri hluti útgjalda útgjaldalágra heimila fer til kaupa á mat og drykkjarvörum og í kostnað vegna húsnæðis, hita og rafmagns en hjá útgjaldaháum heimilum. Útgjaldahá heimili verja aftur á móti stærri hluta útgjalda sinna í kaup á fötum og skóm og vörum og þjónustu tengdri tómstundum og menningu.

Mynd 1. Útgjöld tiltekinna flokka eftir útgjaldafjórðungum 2009–2011

Figure 1. Expenditure shares of chosen categories by quartiles of expenditure 2009–2011



Skýringar Notes: 01 Matur og drykkjarvörur, 03 Föt og skór, 04 Húsnæði, hiti og rafmagn, 07 Ferðir og flutningar, 09 Tímstundir og menning. Útgjaldaflokkar samkvæmt COICOP flokkunarkerfinu. 01 Food and non-alcoholic beverages, 03 Clothing and footwear, 04 Housing, water, electricity, gas and other fuels, 07 Transport, 09 Recreation and culture. Categories according to the COICOP classification.

Leiðrétt gögn fyrir 2010

Eftir birtingu niðurstaðna rannsóknar á útgjöldum heimila 2008–2010 í desember 2011 kom í ljós að mistök höfðu átt sér stað við úrvinnslu gagnanna. Heildarútgjöld á heimili á árinu 2010 voru vanmetin um 1,5%. Mest voru áhrifin í matar- og drykkjarvörum. Áhrif þessa á heildarútgjöld árinna 2008–2010 voru 0,4% vanmat. Við úrvinnslu rannsóknarinnar nú hefur þessi skekkja verið leiðrétt.

Meðalstærð heimila eftir heimilisgerð og búsetu

Vegin meðalstærð heimilis er 2,4 einstaklingar

Á þeim 1.799 heimilum sem tóku þátt í rannsókninni 2009–2011 bjuggu 4.390 einstaklingar eða 1,4% af þjóðinni. Vegin meðalstærð heimilis var 2,4 einstaklingar, þar af 1,6 fullorðnir og 0,8 börn. Heimili sem neita að taka þátt í rannsókninni hafa samt sem áður áhrif á útreikning á meðalstærð heimila eins og fram kemur í kaflanum um vogir því fyrir hluta þessara heimila þarf að áætla stærð. Til samanburðar má nefna að í lífsskjararannsókn Hagstofunnar mælist stærð heimila einnig um 2,4 einstaklingar.

Tafla 4. Meðalstærð heimila eftir heimilisgerð 2009–2011

Table 4. Average size of households by type 2009–2011

	Börn <i>Children</i>	Fullorðnir <i>Adults</i>	Heimilismenn <i>Household- members</i>	Fjöldi heimila <i>Number of households</i>
Allir Total	0,8	1,6	2,4	1.799
Einhleypir <i>One-person household</i>	•	1,0	1,0	592
Hjón/sambýlisfólk án barna <i>Couples without children</i>	•	2,0	2,0	321
Hjón/sambýlisfólk með börn <i>Couples with children</i>	1,9	2,0	3,9	600
Einstæðir foreldrar <i>Single-parent households</i>	1,6	1,0	2,6	166
Önnur heimilisgerð <i>Other households</i>	0,8	2,6	3,4	120

Meðalfjöldi á heimili 2,4

Heimili utan höfuðborgarsvæðisins voru heldur stærri en innan þess. Rannsóknin sýndi að 2,7 einstaklingar bjuggu að meðaltali á heimilum í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins, 2,4 einstaklingar á heimilum í dreifbýli og 2,4 á heimilum á höfuðborgarsvæðinu. Af þeim 1.799 heimilum sem tóku þátt í rannsókninni voru 1.171 á höfuðborgarsvæðinu (65%), 437 heimili (24%) voru í öðru þéttbýli og 191 (11%) heimili voru í dreifbýli.

Tafla 5. Meðalstærð heimila eftir búsetu 2009–2011

Table 5. Average size of households by residence 2009–2011

Fjöldi <i>Number</i>	Börn <i>Children</i>	Fullorðnir <i>Adults</i>	Heimilismenn <i>Household- members</i>	Heimili <i>Households</i>
Allt landið Whole Country	0,8	1,6	2,4	1.799
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	0,8	1,6	2,4	1.171
Annað þéttbýli <i>Towns outside capital area</i>	1,0	1,7	2,7	437
Dreifbýli <i>Other communities</i>	0,7	1,7	2,4	191

Í töflu 6 er heimilunum skipt eftir heimilisgerðum og búsetu. Hjón/sambýlisfólk með börn er algengasta heimilisgerðin á landinu öllu og í öðru þéttbýli, en á höfuðborgarsvæðinu og í dreifbýli er einmenningsheimili algengasta heimilisformið.

Tafla 6. Heimili eftir heimilisgerð og búsetu 2009–2011

Table 6. Households by type and residence 2009–2011

Heimili <i>Households</i>	Höfuðborgar- svæði <i>Capital area</i>		Annað þéttbýli <i>Towns outside capital area</i>		Dreifbýli <i>Other communities</i>		Alls <i>Total</i>	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
	<i>Number</i>		<i>Number</i>		<i>Number</i>		<i>Number</i>	
Allir <i>Total</i>	1.171	100,0	437	100,0	191	100,0	1.799	100,0
Einhleypir <i>One-person household</i>	426	36,4	102	23,3	64	33,5	592	32,9
Hjón/sambýlisfólk án barna <i>Couples without children</i>	185	15,8	87	19,9	50	26,2	321	17,8
Hjón/sambýlisf. með börn <i>Couples with children</i>	369	31,5	172	39,4	59	30,9	600	33,4
Einstæðir foreldrar <i>Single-parent households</i>	113	9,6	45	10,4	7	3,7	166	9,2
Önnur heimilisgerð <i>Other households</i>	78	6,7	31	7,0	11	5,8	120	6,7

Húsnæði

Um 73% heimila búa í eigin húsnæði og 27% í leiguhúsnæði og hefur hlutfall leigjenda ekki verið jafnhátt síðan samfelld rannsókn á útgjöldum heimila hófst árið 2000. Til samanburðar má nefna að samkvæmt neyslukönnun Hagstofunnar 1995 bjuggu 19% heimila í leiguhúsnæði.

Tafla 7. Heimili í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði

Table 7. Household living in own versus rented dwelling

Heimili <i>Households</i>	2008–2010		2009–2011	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
	<i>Number</i>		<i>Number</i>	
Eigið- eða leiguhúsnæði <i>Owned or rented dwelling</i>				
Alls <i>Total</i>	1.861	100,0	1.799	100,0
Eigið húsnæði <i>Owned dwelling</i>	1.396	75,0	1.304	72,5
Leiguhúsnæði <i>Rented dwelling</i>	465	25,0	495	27,5

Flest heimili búa í fjölbýlishúsum

Ríflega þriðjungur heimila í rannsókninni bjó í fjölbýlishúsum en 29% í einbýlishúsum. Hlutfall heimila í raðhúsum var tæplega 14% og 20% bjuggu í tveggja til fimm íbúða húsum. Þessi skipting hefur verið mjög stöðug síðan rannsóknin hófst árið 2000. Tæplega 53% heimila hafði aðgang að bílageymslu og er það nokkuð hærra hlutfall en verið hefur.

Tafla 8. Gerð húsnæðis og fjöldi með og án bílageymslu 2009–2011

Table 8. Type of dwelling and number with and without garage/car park 2009–2011

Heimili <i>Households</i>	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>Percent</i>
Gerð húsnæðis <i>Type of dwelling</i>		
Samtals <i>Total</i>	1.799	100,0
Einbýlishús <i>Single-family houses, detached</i>	517	28,7
Raðhús <i>Single-family houses, terraced</i>	246	13,7
2 til 5 íbúða hús <i>Houses with 2–5 flats</i>	364	20,2
Fjölbýli <i>Blocks of flats with more than 5 flats</i>	629	34,9
Herbergi <i>Single room</i>	45	2,5
Með eða án bílageymslu <i>With or without garage/car park</i>		
Samtals <i>Total</i>	1.799	100,0
Án bílageymslu <i>Without garage/car park</i>	849	47,2
Með bílageymslu <i>With garage/car park</i>	950	52,8

Stærstur hluti heimila á höfuðborgarsvæðinu í fjölbýli

Mikill munur er á tegund húsnæðis eftir búsetu. Á höfuðborgarsvæðinu búa flestir í fjölbýlishúsum. Í öðru þéttbýli og í dreifbýli búa flestir í einbýlishúsum. Þetta skýrir minni meðalstærð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 9. Fjöldi heimila eftir búsetu og tegund húsnæðis 2009–2011

Table 9. Number of homes by residence and type of dwelling 2009–2011

	Höfuðborgar- svæði <i>Capital area</i>		Annað þéttbýli <i>Towns outside capital area</i>		Dreifbýli <i>Other communities</i>		Alls <i>Total</i>	
	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>Percent</i>	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>Percent</i>	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>Percent</i>	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>Percent</i>
	Samtals <i>Total</i>	1.171	100,0	437	100,0	191	100,0	1.799
Einbýlishús <i>Single-family houses, detached</i>	178	15,2	192	43,8	147	77,0	516	28,7
Raðhús <i>Single-family houses, terraced</i>	142	12,2	83	18,9	21	11,0	246	13,7
2 til 5 íbúða hús <i>Houses with 2–5 flats</i>	280	23,9	68	15,7	18	9,4	367	20,4
Fjölbýli <i>Blocks of flats with more than 5 flats</i>	539	46,0	85	19,6	4	2,1	629	34,9
Herbergi <i>Single room</i>	32	2,7	9	2,0	1	0,5	41	2,3

Húsnæði í dreifbýli stærra að meðaltali en í þéttbýli

Meðalstærð húsnæðis var 127 fermetrar og voru herbergi rúmlega 4. Nokkur munur er á stærð húsnæðis eftir staðsetningu. Á höfuðborgarsvæðinu var meðalstærð húsnæðis 123 fermetrar, á þéttbýlisstöðum utan höfuðborgarsvæðisins var hún 130 fermetrar en í dreifbýli var húsnæðið heldur stærra eða 146 fermetrar og 4,9 herbergi. Einbýlis- og raðhús á höfuðborgarsvæðinu eru þó töluvert stærri en hús sömu tegundar annars staðar á landinu.

Tafla 10. Meðalstærð húsnæðis eftir gerð og búsetu 2009–2011

Table 10. Average size of dwelling by type and residence 2009–2011

	Höfuðborgar- svæði <i>Capital area</i>		Annað þéttbýli <i>Towns outside capital area</i>		Dreifbýli <i>Other</i>		Alls <i>Total</i>	
	Fjöldi m ² <i>Square metres</i>	Fjöldi herb. <i>No. of rooms</i>	Fjöldi m ² <i>Square metres</i>	Fjöldi herb. <i>No. of rooms</i>	Fjöldi m ² <i>Square metres</i>	Fjöldi herb. <i>No. of rooms</i>	Fjöldi m ² <i>Square metres</i>	Fjöldi herb. <i>No. of rooms</i>
Alls Total	123	4,0	130	4,2	146	4,9	127	4,1
Einbýlishús <i>Single- family houses, detached</i>	187	5,5	156	4,9	158	5,2	168	5,2
Raðhús <i>Single-family houses, terraced</i>	160	4,9	124	4,2	109	3,9	145	4,6
2 til 5 íbúða hús <i>Houses with 2-5 flats</i>	108	3,8	105	3,6	104	4,1	107	3,8
Fjölbýli <i>Blocks of flats with more than 5 flats</i>	93	3,2	99	3,2	81	2,8	93	3,2
Herbergi <i>Single rooms</i>	28	1,0	20	1,0	30	1,0	27	1,0

13% heimila eiga sumarhús

Tæplega 13% heimila áttu sumarhús eða hesthús og er það svipað hlutfall og árin 2008–2010.

Tafla 11. Fjöldi heimila sem á sumarhús/hesthús

Table 11. Number of households that own summerhouse/stable

Heimili <i>Households</i>	2008–2010		2009–2011	
	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>Percent</i>	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>Percent</i>
Samtals Total	1.861	100,0	1.799	100,0
Á sumarhús/hesthús <i>Own summerhouse/stable</i>	251	13,5	225	12,5
Á ekki sumarhús/hesthús <i>Do not own summerhouse/stable</i>	1.545	83,0	1.512	84,0
Svara ekki <i>No answer</i>	65	3,5	62	3,4

Áskriftir að blöðum, bókum og tímaritum

Áskriftum hvers konar fækkar

Í rannsókninni 2009–2011 voru rúmlega 25% heimila með áskrift að fréttablöðum. Þetta er um helmingi lægra hlutfall en í rannsókninni 2000–2002 þegar það var 57%. Áskriftum að bókaklúbbum hefur líka fækkað um tæpan helming. Á árunum 2000–2002 voru um 18% heimila áskrifendur að bókum en 2009–2011 var hlutfallið 10%. Enn meiri breyting sést í hlutfalli tímaritaáskrifta, þar sem hlutfall heimila með áskrift fer úr 34% í rannsókninni 2000–2002 í 20% 2009–2011.

Tafla 12. Áskrift að fréttablöðum, bókaklúbbum og tímaritum

Table 12. Subscription to newspapers, book clubs and magazines

Hlutfall heimila <i>Percent of homes</i>	2000–2002	2005–2007	2009–2011
Áskrift að fréttablöðum			
<i>Newspaper's subscriptions</i>			
Samtals <i>Total</i>	100,0	100,0	100,0
Engu <i>None</i>	41,3	64,9	74,9
Einu <i>One</i>	48,7	32,2	22,4
Tveimur eða fleiri <i>Two or more</i>	9,1	2,9	2,7
Óvíst <i>Unknown</i>	0,9	–	–
Áskrift í bókaklúbbum			
<i>Book club membership</i>			
Samtals <i>Total</i>	100,0	100,0	100,0
Engum <i>None</i>	81,9	80,4	90,0
Einum <i>One</i>	13,7	16,6	8,8
Tveimur eða fleiri <i>Two or more</i>	3,5	3,0	1,2
Óvíst <i>Unknown</i>	0,9	–	–
Áskrift að tímaritum			
<i>Periodical's subscriptions</i>			
Samtals <i>Total</i>	100,0	100,0	100,0
Engu <i>None</i>	66,3	71,2	80,1
Einu <i>One</i>	21,7	20,9	15,2
Tveimur eða fleiri <i>Two or more</i>	7,3	5,8	3,2
Þremur eða fleiri <i>Three or more</i>	3,8	2,1	1,5
Óvíst <i>Unknown</i>	0,9	–	–

Tækjæign

Bílaeign hefur lítið breyst. Á árunum 2009–2011 voru um 13% heimila bíllaus en það er svipað hlutfall og á árunum 2000–2002. Um fjórðungur heimila á tvo bíla. Sjónvarpseign hefur einnig haldist stöðug en um 50% heimila eiga tvö eða fleiri tæki.

Tafla 13. Fjöldi bíla og sjónvarpa á heimilum

Table 13. Number of cars and TVs per household

Hlutfall <i>Percent</i>	2000–2002	2005–2007	2009–2011
Bílar <i>Cars</i>			
Alls <i>Total</i>	100,0	100,0	100,0
Enginn bíll <i>No car</i>	13,3	11,5	12,8
Einn bíll <i>One car</i>	57,7	58,5	57,2
Tveir bílar <i>Two cars</i>	23,7	23,3	23,5
Fleiri en tvo bíla <i>More than two Cars</i>	5,3	6,7	6,5
Sjónvarp <i>TV</i>			
Alls <i>Total</i>	100,0	100,0	100,0
Ekkert sjónvarp <i>No TV</i>	2,7	2,7	1,7
Eitt sjónvarp <i>One TV</i>	50,9	46,7	48,1
Tvö sjónvörp <i>Two TVs</i>	32,3	28,7	30,9
Þrjú sjónvörp <i>Three TVs</i>	10,2	14,0	12,4
Fleiri en þrjú sjónvörp <i>More than three TVs</i>	3,9	7,9	6,9

Færri heimili með heimilissíma

Ef tækjæign heimila á árunum 2000–2002 er borin saman við tækjæignina 2009–2011 sést að mun færri heimili hafa heimilissíma nú en áður. Á hinn bóginn eru örbylgjuofnar, uppþvottavélar og þurrkarar mun algengari 2009–2011 en á árunum 2000–2002.

Ekki hefur verið spurt um gæludýraeign öll ár rannsóknarinnar en á árunum 2009–2011 voru tæp 36% heimila með gæludýr. Fáum ætti að koma á óvart að hundar og kettir voru algengustu gæludýrin.

Tafla 14. Tækja- og gæludýraeign heimila*Table 14. Households durables and pets*

Hlutfall <i>Percent</i>	2000–2002	2005–2007	2009–2011
Stafræn myndavél <i>Digital camera</i>	–	–	78,8
Heimilissími <i>Fixed line telephone</i>	91,7	–	80,2
Þvottavél <i>Washing machine</i>	90,4	87,8	88,2
Örbylgjuofn <i>Micro wave oven</i>	79,0	84,4	84,9
Frystiskápur <i>Freezer</i>	62,4	59,0	58,9
Uppþvottavél <i>Dishwasher</i>	49,7	62,9	75,0
Þurrkari <i>Dryer</i>	39,4	49,6	52,1
Myndbandsupptökuvél <i>Camcorder</i>	24,5	32,1	35,1
Heimabíókerfi <i>Home theatre sound system</i>	–	–	27,7
Tjaldvagn, fellihýsi og hjólhýsi <i>Trailer tents, caravans, e.t.c.</i>	9,3	11,1	13,6
Bátur <i>Boat</i>	3,6	3,2	3,8
Vélsleði <i>Snowmobile</i>	3,5	3,7	2,1
Mótorhjól <i>Motorcycle</i>	2,4	3,7	6,2
Gæludýr <i>Pets</i>	–	–	35,5
Þar af <i>There of:</i>			
Köttur <i>Cat</i>	–	–	14,0
Hundur <i>Dog</i>	–	–	14,8
Gullfiskar <i>Fish</i>	–	–	3,4
Páfagaukur <i>Birds</i>	–	–	2,8
Hestur <i>Pony</i>	–	–	6,3
Hamstur <i>Hamster</i>	–	–	3,2

Ráðstöfunartekjur

Ráðstöfunartekjur hafa hækkað um 1,1%

Upplýsinga um ráðstöfunartekjur heimila sem taka þátt í rannsókninni er aflað úr skattskrá. Til ráðstöfunartekna teljast allar tekjur heimilisins; launatekjur, lífeyris- og bótagreiðslur og hlunnindi, enn fremur fjármagnstekjur og aðrar tekjur ef einhverjar eru. Frá tekjum dragast álagðir skattar. Tekjur árána 2009 og 2010 eru framreiknaðar með launavísitölu til ársins 2011.

Ráðstöfunartekjur meðalheimilis hækkuðu um 1,1% milli tímabila rannsóknarinnar. Tekjubreytingin er misjöfn eftir gerðum heimila, frá 4,0% lækkun hjá einhleypum í 3,9% hækkun hjá þeim sem falla undir aðra heimilisgerð. Ef tekið er tillit til búsetu hafa heimilistekjur aukist mest í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðis, um 5,0%, en dregist saman í dreifbýli, um 6,0%. Hjá tekjuhæsta fjórðungi heimilanna voru tekjurnar 147% hærri en hjá þeim fjórðungi sem hafði lægst tekjur.

Tafla 15. Ráðstöfunartekjur heimila 2010 og 2011

Table 15. Disposable income 2010 and 2011

Ráðstöfunartekjur á ári ¹ <i>Disposable income per year¹</i>	Meðaltal 2008–2010	Mean 2009–2011	Breyting, % <i>Change, %</i>
Heimilisgerð Type of household			
Allir Total	6.100.076	6.165.051	1,1
Einhleypir <i>One-person household</i>	3.546.618	3.406.196	-4,0
Hjón/sambýlisfólk án barna <i>Couples without children</i>	6.841.363	6.559.037	-4,1
Hjón/sambýlisfólk með börn <i>Couples with children</i>	8.356.067	8.515.102	1,9
Einstæðir foreldrar <i>Single-parent households</i>	4.589.098	4.739.127	3,3
Önnur heimilisgerð <i>Other households</i>	8.609.895	8.943.272	3,9
Búseta Residence			
Allt landið Whole country	6.100.076	6.165.051	1,1
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	6.114.712	6.159.598	0,7
Annað þéttbýli <i>Towns outside capital area</i>	6.101.070	6.407.962	5,0
Dreifbýli <i>Other communities</i>	6.001.757	5.641.342	-6,0
Tekjufjórðungur Quartiles of income			
Allir Total	6.100.076	6.165.051	1,1
1. fjórðungur <i>1st quartile</i>	4.135.296	3.842.316	-7,1
2. fjórðungur <i>2nd quartile</i>	4.806.580	5.035.884	4,8
3. fjórðungur <i>3rd quartile</i>	5.967.646	6.289.902	5,4
4. fjórðungur <i>4th quartile</i>	9.484.092	9.486.795	0,0
Útgjaldafjórðungur Quartiles of expenditure			
Allir Total	6.100.076	6.165.051	1,1
1. fjórðungur <i>1st quartile</i>	5.653.118	5.642.204	-0,2
2. fjórðungur <i>2nd quartile</i>	5.527.804	5.482.683	-0,8
3. fjórðungur <i>3rd quartile</i>	5.878.188	6.203.041	5,5
4. fjórðungur <i>4th quartile</i>	7.342.117	7.328.995	-0,2
Neyslueiningar skv. OECD <i>OECD equivalent scale</i>	1,89	1,91	•
Meðaltekjur á neyslueiningu OECD			
<i>Average income by OECD equivalent scale</i>	3.225.659	3.227.775	0,1

¹ Tekjur árána 2008–2010 eru allar á verðlagi ársins 2010, tekjur 2009–2011 eru á verðlagi ársins 2011. Tekjur eru verðuppfærðar með vísitölu launa. *The income for 2008–2010 is expressed in 2010 prices, 2009–2011 in 2011 prices. Prices are updated with the wage index.*

Útgjöld að meðaltali um
86% af tekjum

Í töflu 16 eru ráðstöfunartekjur og útgjöld borin saman eftir bakgrunnsbreytum. Rétt er að geta þess að heimili geta fjármagnað neyslu með öðrum hætti en með tekjum, til dæmis með lánum. Dæmi um þetta eru námsmenn sem oft fjármagna neyslu sína með námslánum, sem ekki reiknast til ráðstöfunartekna.

Allar heimilisgerðir og búsetusvæði eru með tekjur umfram útgjöld að meðaltali. Við samanburð eftir tekjufjórðungum og útgjaldafjórðungum kemur í ljós að útgjöld heimila í lágsta tekjufjórðungnum eru 10% hærri en tekjurnar og í efsta útgjaldafjórðungnum eru útgjöldin 14% hærri en tekjurnar. Í hæsta tekjufjórðungnum fara 73% tekna til neyslu en hlutfallið var 71% á tímabilinu 2008–2010. Í lágsta útgjaldafjórðungnum eru útgjöldin aðeins 60% af tekjunum en voru 61% 2008–2010.

Tafla 16. Ráðstöfunartekjur og útgjöld heimila 2009–2011


Table 16. Disposable income and expenditure 2009–2011

	Meðaltal <i>Mean</i>		Útgjöld sem hlutfall af tekjum <i>Expenditure as share of income, %</i>	Fjöldi heimilis- manna <i>Household members</i>
	Ráðstöfunar- tekjur <i>Disposable income</i>	Útgjöld <i>Expenditure</i>		
Heimilisgerð <i>Type of household</i>				
Allir <i>Total</i>	6.165.051	5.321.540	86,3	2,4
Einhleypir <i>One-person household</i>	3.406.196	3.244.774	95,3	1,0
Hjón/sambýlisfólk án barna <i>Couples without children</i>	6.559.037	5.931.273	90,4	2,0
Hjón/sambýlisfólk með börn <i>Couples with children</i>	8.515.102	6.978.153	82,0	3,9
Einstæðir foreldrar <i>Single-parent households</i>	4.739.127	4.325.939	91,3	2,6
Önnur heimilisgerð <i>Other households</i>	8.943.272	7.027.576	78,6	3,5
Búseta <i>Residence</i>				
Allt landið <i>Whole Country</i>	6.165.051	5.321.540	86,3	2,4
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	6.159.598	5.377.544	87,3	2,4
Annað þéttbýli <i>Towns outside cap. area</i>	6.407.962	5.414.157	84,5	2,7
Dreifbýli <i>Other communities</i>	5.641.342	4.764.801	84,5	2,4
Tekjufjórðungur <i>Quartiles of income</i>				
Allir <i>Total</i>	6.165.051	5.321.540	86,3	2,4
1. fjórðungur <i>1st quartile</i>	3.842.316	4.240.096	110,4	2,1
2. fjórðungur <i>2nd quartile</i>	5.035.884	4.719.603	93,7	2,3
3. fjórðungur <i>3rd quartile</i>	6.289.902	5.399.788	85,8	2,6
4. fjórðungur <i>4th quartile</i>	9.486.795	6.924.112	73,0	2,8
Útgjaldafjórðungur <i>Quartiles of expenditure</i>				
Allir <i>Total</i>	6.165.051	5.321.540	86,3	2,4
1. fjórðungur <i>1st quartile</i>	5.642.204	3.369.583	59,7	2,5
2. fjórðungur <i>2nd quartile</i>	5.482.683	4.221.276	77,0	2,3
3. fjórðungur <i>3rd quartile</i>	6.203.041	5.335.783	86,0	2,5
4. fjórðungur <i>4th quartile</i>	7.328.995	8.352.152	114,0	2,5

Á myndum 2 og 3 eru tengsl ráðstöfunartekna og útgjalda sýnd myndrænt. Þar kemur í ljós að heimili í fyrsta tekjufjórðungi eru með útgjöld umfram tekjur en heimili sem falla undir aðra fjórðunga hafa borð fyrir báru. Á mynd 3 er þetta samband útgjalda og ráðstöfunartekna sýnt fyrir hvert heimili. Línan er dregin þannig að þau heimili sem liggja neðan við línuna eru með ráðstöfunartekjur umfram heildarútgjöld en hjá þeim heimilum sem eru fyrir ofan línuna eru heildarútgjöld hærri en ráðstöfunartekjur.


Mynd 2. Útgjöld og tekjur eftir tekjufjórðungum 2009–2011

Figure 2. Expenditure and income by quartiles of income 2009–2011



Mynd 3. Samband meðalársútgjalda og meðalráðstöfunartekna 2009–2011

Figure 3. Relation between average annual expenditure and average annual disposable income 2009–2011



Aðferðafræði

Úrtaksaðferð og úrtaksstærð

Heimilið rannsóknareining

Í úrtaksramma rannsóknarinnar eru fjölskyldunúmer íslenskra og erlendra ríkisborgara 18–74 ára sem skráðir eru í þjóðskrá og eru með lögheimili á Íslandi. Leitast er við að mæla útgjöld til heimilisreksturs og rannsóknareiningin er því heimili. Þátttakendur eru allir sem búa á heimili þess sem valinn er.

Ef sá sem lendir í úrtakinu er búsettur annars staðar en þar sem hann er skráður með lögheimili lendir heimilið þar sem hann býr í úrtakinu en ekki lögheimili hans.

Heimili

Til heimilis teljast allir þeir einstaklingar sem búa undir sama þaki og hafa sameiginlegt heimilishald meðan á rannsókninni stendur. Auk þess teljast til heimilis einstaklingar sem dvelja tímabundið annars staðar en snúa aftur til viðkomandi heimilis að dvölinni lokinni s.s. börn í heimavistarskóla og sjómenn.

Til heimilis teljast ekki einstaklingar sem búa annars staðar en eru skráðir búsettir á þessu tiltekna heimili í þjóðskrá, gestir sem teljast til annars heimilis og leigjendur með aðskilinn heimilisrekstur.

1.222 heimili í heildarúrtaki á ári

Árinu er skipt niður í 26 tveggja vikna þáttökutímabil. Fyrir hvert tímabil eru 47 heimili valin af handahófi, eða 1.222 heimili á ári. Fjölskyldunúmer sem lenda í úrtaki geta ekki lent í úrtaki næstu þrjú ár. Aðferðin kemur þó ekki í veg fyrir að heimili með fleiri en eitt fjölskyldunúmer geti lent aftur í úrtaki. Í úrtakinu eiga ekki að vera einstaklingar búsettir á stofnunum, svo sem sjúkrahúsum og elliheimilum, eða vinnubúðum verktaka. Ekki er mögulegt að sía öll slík heimili frá áður en úrtak er dregið. Það verður til þess að endanlegt úrtak er yfirleitt minna en heildarúrtakið.

Tafla 17. Heimili sem áttu ekki að vera í úrtaki 2009–2011

Table 17. Households not eligible in the sample 2009–2011


Heimili <i>Households</i>	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>Percent</i>
Alls <i>Total</i>	196	100,0
Búsett erlendis <i>Resident abroad</i>	181	92,4
Búsett á stofnun <i>Institutionalized</i>	12	6,1
Heimili tvisvar í úrtaki <i>Twice in sample</i>	1	0,5
Látinir <i>Deceased</i>	2	1,0

Samanburður úrtaks og þjóðskrár

Þegar búsetu- og aldursdreifing fólks í úrtakinu er borin saman við þjóðskrá kemur í ljós að úrtakið endurspeglar búsetu og aldursskiptingu þýðisins ágætlega. Vegna þess að mismiklar líkur eru á því að lenda í úrtaki er í þessum samanburði búið að vege einstaklinga í úrtakinu með úrtakslíkum heimilisins. Í sumum aldurshópum kemur fram nokkur munur milli úrtaks og þjóðskrár. Hann má að einhverju leyti skýra með því að áætla þarf heimilismenn hjá þeim sem neita að taka þátt og neita einnig að svara grunnupplýsingum um heimilið. Sjá nánar í kaflanum um áætlanir.

Mynd 4. Aldursdreifing í úrtaki og þýði rannsóknarinnar

Figure 4. Age distribution in sample and population of the survey



Þegar búsetuskipting þátttakenda í rannsókninni er borin saman við búsetuskiptingu í þjóðskrá sést að skipting þátttakenda er í góðu samræmi við þjóðskrána, þó taka hlutfallslega heldur fleiri þátt í rannsókninni úr öðru þéttbýli en búa þar samkvæmt þjóðskrá og hlutfallslega heldur færri þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu og úr dreifbýli en búa þar.

Tafla 18. Búsetuskipting heimila í úrtaki og þjóðskrá

Table 18. Regional distribution of households in the sample and in the population register.

	Þátttakendur Respondents		Hlutfall landsmanna í þjóðskrá Percent of population in the population reg.
	Fjöldi heimila Number of households	Hlutfall heimila Percent of households	
Alls Total	1.799	100,0	100,0
Höfuðborgarsvæði Capital area	1.171	65,1	63,5
Annað þéttbýli Towns outside capital area	437	24,3	25,7
Dreifibýli Other communities	191	10,6	10,8

Skýringar Notes: Meðalhlutfall í þjóðskrá 2009–2011 (Heimild: Þjóðskrá Íslands). Average in the population register 2009–2011 (Source: Registers Iceland).

Gagnaöflun

Þátttakendur halda búreikning og eru spurðir um sjaldgæf og veigameiri útgjöld í viðtali

Rannsóknin er tvíþætt. Annars vegar halda þátttakendur búreikning í tvær vikur og hins vegar svara þeir spurningum um sjaldgæf og/eða veigameiri útgjöld yfir þriggja mánaða tímabil, svokölluð ársfjórðungsgögn.

Búreikningar

Heimilum sem samþykkja að taka þátt í könnuninni eru send sérstök búreikningshefti til að færa útgjöldin í og safna kassakvittunum. Ætlast er til að allir heimilismenn, 12 ára og eldri, skrái útgjöld sín.

Viðtal / Ársfjórðungsskýrsla

Þar sem búreikningshaldið stendur einungis yfir í tvær vikur er hætt við að stærri útgjöld, sem eru árstíðabundin eða sjaldgæf, komi ekki nógu vel fram. Því er tekið viðtal við þátttakendur, eða þeir fylla út skýrslu, þegar búreikningshaldi er lokið og spurt um ákveðin útgjöld yfir þriggja mánaða tímabil. Dæmi um útgjöld sem er spurt um eru húsnæðiskostnaður, rekstur á bíl, kostnaður vegna ferðalaga og kaup á húsgögnum og heimilistækjum, útgjöld vegna síma, töku og afborgana lána, skóla, barnagæslu og fleira. Einnig er spurt um stærð og gerð húsnæðis ásamt heimilis- og raftækjajæign.

Útgjöld eru bókfærð þegar til þeirra er stofnað en ekki þegar þau eru greidd ef þetta tvennt fer ekki saman. Í sumum tilvikum er þó vandkvæðum bundið að tímasetja útgjöld svo sem þegar um kaup á þjónustu er að ræða þar sem útgjöld verða til yfir ákveðinn tíma t.d. útgjöld fyrir rafmagn og hita. Í slíkum tilfellum er miðað við greiðslu á reikningi. Útgjöld heimila eru umreiknuð í ársútgjöld.

Upplýsingar úr opinberum skrá

Til viðbótar við gögn sem safnað er beint í rannsókninni eru upplýsingar sóttar úr skattskrá, þjóðskrá og fasteignaskrá og upplýsingar frá símafélögum og tryggingafélögum ef heimilismenn hafa veitt samþykki sitt fyrir því. Með þessu móti er dregið úr svarbyrði þátttakenda eins og kostur er.

Meðferð persónulegra gagna

Hagstofan veitir engum upplýsingar um svör einstakra þátttakenda

Öll úrvinnsla fer fram á Hagstofunni. Aðeins þeir starfsmenn sem vinna við rannsóknina hafa aðgang að gögnum hennar og eru þeir bundnir þagnarskyldu og trúnaðarheiti. Hagstofan veitir engum, hvorki stjórnvöldum né einkaaðilum, persónugreinanlegar upplýsingar um svör einstakra þátttakenda.

Úrvinnsla

Svörun og brottfall

Svarhlutfall 52%

Af 3.471 heimili í endanlegu úrtaki rannsóknarinnar árin 2009–2011 samþykktu 1.799 heimili að taka þátt og skiluðu fullnægjandi gögnum. Ekki tókst að ná sambandi við 303 heimili og 1.369 neituðu að taka þátt eða hættu við. Endanleg svörun í rannsókninni fyrir árin 2009–2011 var 51,8%.

Þeir sem neita þátttöku eru spurðir hverjir búa á heimilinu og hvernig þeir tengjast hver öðrum. Með því er verið að afla upplýsinga um hvernig brottfallið er frábrugðið þeim hópi sem þátt tekur og sjá hvort ákveðnir hópar hafi meiri tilhneigingu til að neita þátttöku en aðrir. Af þeim heimilum sem ekki vildu taka þátt í rannsókninni voru 30% fús til að svara spurningum um heimilishagi sína. Upplýsingar úr þjóðskrá voru notaðar til þess að áætla stærð og gerð þeirra heimila sem neituðu að svara spurningum um heimilishagi og heimili sem ekki náðist í.

Svörun betri í þéttbýli

Heimili í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins eru fúsust til að taka þátt í rannsókninni. Svörun þeirra var tæplega 54%. Á höfuðborgarsvæðinu tók 51% heimila þátt og 50% heimila í dreifbýli.

Tafla 19. Svörun eftir búsetu 2009–2011

Table 19. Response rate by residence 2009–2011

Heimili <i>Households</i>	Höfuðborgar- svæði <i>Capital area</i>		Annað þéttbýli <i>Towns outside capital area</i>		Dreifbýli <i>Other communities</i>		Alls <i>Total</i>	
	Fjöldi		Fjöldi		Fjöldi		Fjöldi	
	<i>Number</i>	<i>%</i>	<i>Number</i>	<i>%</i>	<i>Number</i>	<i>%</i>	<i>Number</i>	<i>%</i>
Endanlegt úrtak <i>Net sample</i>	2.247	100,0	845	100,0	379	100,0	3.471	100,0
Neita þátttöku <i>Refusals</i>	875	38,9	332	39,3	162	42,8	1.369	39,5
Næst ekki í <i>Non-contact</i>	217	9,7	59	7,0	27	7,1	303	8,7
Þátttakendur <i>Respondents</i>	1.155	51,4	454	53,7	190	50,1	1.799	51,8

Mikill munur er á þátttöku eftir heimilisgerðum

Meiri munur er á þátttöku eftir heimilisgerðum eins og sést í töflu 20. Minnst þátttaka var hjá einhleypum og annarri heimilisgerð, 36%. Hjá hjónum án barna var mest þátttaka eða 66% og hjá hjónum með börn var þátttaka 62%.

Tafla 20. Svörun eftir heimilisgerð 2009–2011

Table 20. Response rate by type of household 2009–2011

Fjöldi heimila <i>Number of households</i>	Hjón/ Hjón/ Ein- hleypir <i>One- person house- holds</i>		Hjón/ Hjón/ sambylis- fólk án barna <i>Couples without children</i>		Hjón/ Hjón/ sambylis- fólk með börn <i>Couples with children</i>		Einstæðir foreldrar <i>Single- parent house- holds</i>		Önnur heimilis- gerð <i>Other house- holds</i>		Alls <i>Total</i>
Endanlegt úrtak <i>Net sample</i>	906	554	1.260	329	422	3.471					
Neita þátttöku <i>Refusals</i>	408	175	433	128	225	1.369					
Næst ekki í <i>Non-contact</i>	168	11	43	37	44	303					
Þátttakendur <i>Respondents</i>	330	368	784	164	153	1.799					
Hlutfall <i>Percent</i>											
Endanlegt úrtak <i>Net sample</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0					
Neita þátttöku <i>Refusals</i>	45,0	31,6	34,4	38,9	53,3	39,5					
Næst ekki í <i>Non-contact</i>	18,6	2,0	3,4	11,2	10,4	8,7					
Þátttakendur <i>Respondents</i>	36,4	66,4	62,2	49,9	36,3	51,8					

Vogir

Úrtakslíkur

Líkur heimila á að lenda í úrtaki eru ekki jafnar. Leiðrétt er fyrir þessu í niðurstöðum rannsóknarinnar með vog sem tekur tillit til mismunandi úrtakslíkinda. Þetta þýðir að vægi heimila með marga einstaklinga 18 ára og eldri minnkar, þar sem úrtakslíkur þeirra eru meiri. Áhrifin eru mest á heimili hjóna með stálpuð börn og í flokknum „aðrar heimilisgerðir“.

Þátttökulíkur

Greinilegur munur er á þátttöku eftir heimilisgerð eins og kemur fram í töflu 20. Skekkja vegna mismunandi svarhlutfalls heimilisgerða er leiðrétt út frá svörum þeirra heimila sem neita að taka þátt en svara spurningum um heimilishagi sína.

Þessi leiðrétting hefur mest áhrif á einmenningsheimili þar sem svörun þeirra er lókust. Vægi þeirra jókst á kostnað stærri heimila sem fúsari eru til þátttöku.

Útreikningur heildarútgjalda

Úrtaks- og þáttökuvogum er skeytt saman til að reikna heildarútgjöld eftir útgjaldaflokkum og til að veða heimilistekjurnar. Þessar leiðréttingar gera niðurstöður könnunarinnar áreiðanlegri en ella.

Áhrif voga

Eftir að vogunum hafði verið beitt var vegið hlutfall heimila einhleypra 33%, hjóna og sambýlisfólks án barna 18%, hjóna og sambýlisfólks með börn 33%, einstæðra foreldra 9% og annarra heimilisgerða 7% eins og sést í töflu 21.

Tafla 21. Veginn og óvegin fjöldi heimila eftir heimilisgerð 2009–2011

Table 21. Weighted and unweighted number of households by type 2009–2011

Fjöldi heimila <i>Number of households</i>	Veginn <i>Weighted</i>	Hlutfall <i>Percent</i>	Óvegin <i>Unweighted</i>	Hlutfall <i>Percent</i>
Allir Total	1.799	100	1.799	100,0
Einhleypir <i>One-person household</i>	592	32,9	330	18,3
Hjón/sambýlisfólk án barna <i>Couples without children</i>	321	17,9	368	20,5
Hjón/sambýlisfólk með börn <i>Couples with children</i>	600	33,4	784	43,6
Einstæðir foreldrar <i>Single-parent households</i>	166	9,2	164	9,1
Önnur heimilisgerð <i>Other households</i>	120	6,6	153	8,5

Áætluð gildi

Skili heimili ófullkomnum gögnum, þ.e. annað hvort einungis búreikningsgögnum eða einungis ársfjórðungsgögnum eru þau gögn sem skila sér notuð en útgjöld áætluð fyrir það sem upp á vantar. Áætlunin byggist á útgjöldum heimila af sama búsetusvæði og sömu heimilisgerð sem skila fullum svörum.

Tekjuupplýsingar eru sóttar í skattskrá, sem gefin er út við álagningu í ágúst ár hvert. Þá hafa nokkur heimili ekki skilað inn framtali eða álagningin af öðrum ástæðum ekki verið tilbúin. Í slíkum tilfellum eru ráðstöfunartekjur heimilisins áætlaðar með miðgildi tekna heimilisgerðarinnar eftir búsetu.

Húsaleiguígildi

Meta þarf til fjár búsetu í eigin húsnæði. Húsnæðisnotin eru metin sem húsaleiguígildi fyrir alla þátttakendur sem búa í eigin húsnæði. Stofninn fyrir þann útreikning er byggður á fasteignamati. Húsaleiguígildi er reiknað sem árgreiðsla af jafngreiðsluláni. Miðað er við ákveðna ávöxtunarkröfu langtímafjárskuldbindinga fyrir eigið fé, meðalraunávöxtun húsnæðislána yfir tímabilið og gert ráð fyrir 80 ára endingartíma húsnæðisins.

Áreiðanleiki

Niðurstöðurnar eru háðar
ákveðinni óvissu

Niðurstöður úr rannsóknum sem byggja á úrtaki eru alltaf háðar einhverri óvissu og ráða stærð úrtaks og úrtaksaðferð miklu um tölfræðilega marktækni. Því meira sem svör þátttakenda eru sundurliðuð, t.d. eftir búsetu eða heimilisgerð, því meiri verður óvissan. Gera má ráð fyrir að upplýsingar um útgjöld sem eru tíð séu

áreiðanlegri en um útgjöld sem eru sjaldgæf. Séu útgjöld stopul geta tilviljana-kennd frávik ráðið miklu um niðurstöður. Í allmörgum útgjaldaflokkum eru flest heimili með engin útgjöld en fáein heimili með mikil útgjöld. Þetta á t.d. við um bílakaup og kaup á húsgögnum og heimilistækjum. Þegar niðurstöðurnar eru flokkaðar, t.d. eftir búsetu og heimilisgerð, getur breytileiki orðið mikill og staðalskekkja há. Í niðurstöðutöflum eru fjárhæðir og hlutföll merkt með * ef hlutfall staðalskekkju af meðaltali er yfir 20%.

Samanburður við aðrar heimildir

Niðurstöður rannsóknarinnar eru bornar saman við aðrar heimildir eftir því sem við verður komið. Skekkjur geta orðið í búreikningsgögnum vegna þess að hegðun þátttakenda breytist meðvitað eða ómeðvitað á meðan þátttöku stendur. Útgjöld vegna kaupa á „viðkvæmum“ vörum eða þjónustu eru oft vanmetin í útgjalda-rannsóknum vegna þess að fólk vill ekki gefa þau upp. Þetta á t.d. við um kaup á áfengi, lyfjum og útgjöld vegna happdrætta. Meðal annars er notast við sölutölur ÁTVR, upplýsingar um veltu happdrætta og tölur um heilsugæslu og lyf frá heilbrigðisyfirvöldum til þess að leiðrétta fyrir vantöldum útgjöldum í þessum útgjaldaflokkum.

Niðurstöðurnar eru einnig bornar saman við einkaneyslu þjóðhagsreikninga og ráðstöfunartekjur í rannsókninni bornar saman við ráðstöfunartekjur heimilisgeir-ans úr tekjuskiptingaruppgjöri þjóðhagsreikninga.

Framsetning niðurstaðna

Neysluútgjöld

Í rannsókninni eru kaup heimila á vörum og þjónustu á tilteknu tímabili mæld. Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar sem ársútgjöld og árstekjur.

Til neyslu teljast:

- Peningaútgjöld til kaupa á neysluvörum og þjónustu.
- Leiguígildi vegna afnota af eigin íbúð. Sjá nánar kaflann um húsaleigu-ígildi.
- Tilkynningargjöld og vanskilagjöld.

Hingað til hafa vöru- og þjónustukaup af innlendum vefsíðum verið taldin til innlendrar neyslu. Fyrir rannsóknarárið 2011 eru í fyrsta sinn talin með útgjöld vegna vörukaupa af erlendum vefsíðum sem er í samræmi við ný tilmæli frá hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, um að vörukaup á netinu skuli mæld í vísitölu búsetulands kaupandans. Þessi neysla hefur áður verið of lágt metin í útgjöldum heimila. Aðferðin við mælingu á þjónustukaupum af erlendum vefsíðum er hinsvegar óbreytt og verð mælt í vísitölu landsins þar sem þjónustan er veitt og telst því ekki til neyslu í þessari rannsókn.

Til neyslu teljast ekki:

- Vörur sem fást gefins. Gefnar gjafir eru færðar í búreikning við kaup með öðrum útgjöldum heimilisins.
- Vörur keyptar erlendis.
- Beinir skattar og lífeyrissjóðsiðgjöld.
- Félagsgjöld og styrkir.
- Fasteignakaup.
- Fjárfestingar.
- Sparnaður.
- Sektir.
- Afborganir og vextir.

Þátttakendur eru einnig beðnir um að skrá neyslu af eigin framleiðslu en slík neysla getur verið umtalsverð, t.d. hjá bændum. Ekki er spurt um hlunnindi en skattlögð hlunnindi eru metin með tekjum.

Flokkun útgjalda Útgjöld eru flokkuð með COICOP-flokkunarkerfinu (classification of individual consumption by purpose), sem er alþjóðlegt flokkunarkerfi sem flokkar vörur og þjónustu eftir notagildi þeirra.

Búseta Landinu er skipt í þrjú búsetusvæði höfuðborgarsvæði, annað þéttbýli og dreifbýli. Höfuðborgarsvæðið nær yfir Reykjavík, Kópavog, Hafnarfjörð, Garðabæ, Sel-tjarnarnes, Mosfellsbæ og Sveitarfélagið Álftanes. Sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðis með 1000 íbúa eða fleiri á rannsóknarárinu eru annað þéttbýli en sveitarfélög með færri en 1000 íbúa á rannsóknarárinu teljast til dreifbýlis.

Tegund heimilis ræðst af fjölda, aldri og innbyrðis tengslum heimilismanna. Í könnuninni er enginn greinarmunur gerður á hjónum og sambylifsólki eða því hvort sambylifsólkið hafði skráð sambúðina í þjóðskrá eða ekki. Einstaklingur 24 ára eða yngri sem býr á heimili foreldra sinna á búreikningstímabilinu og tekur þátt í heimilishaldi þar telst barn í rannsókninni.

Neyslueining Vegna þess að heimili eru misstór getur verið erfitt að túlka niðurstöður rannsóknarinnar. Með því að umreikna stærð heimilis í neyslueiningar er reynt að taka tillit til þess að stór heimili eru hagkvæmari í rekstri en lítil og að útgjöld vegna barna eru minni en útgjöld vegna fullorðinna. Hver einstaklingur á heimili fær tiltekið vægi eftir aldri sínum og stærð heimilis. Þá má bera saman útgjöld milli ólíkra heimilisgerða. Alþjóðastofnanir eins og OECD og Eurostat styðjast við svonefndar neyslueiningavogir. OECD miðar við vog sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingi á heimili vægið 1, öðrum fullorðnum á heimili vægið 0,7 og börnum vægið 0,5. Eurostat hefur sett fram vog sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingi á heimili vægið 1, öðrum fullorðnum vægið 0,5 og börnum vægið 0,3. Þessi kerfi gera bæði ráð fyrir að við 13 ára aldur verði útgjöld unglinga þau sömu og fullorðinna.

English summary

Results from the household expenditure survey 2009–2011 (at 2011 prices) are broken down by type of household, residence and interquartile ranges of disposable income and expenditure.

The results are broken down by years, main expenditure groups and social variables. The real expenditures declined by 3.5% from 2008–2010 to 2009–2011.

The sample in this survey was 3,471 households, of which 1,799 households participated giving a response rate of 51.8%. The average household size is 2.4 individuals.

Average household expenditure is 443 thousand ISK a month, 0.4% higher than in the previous survey per household. The CPI rose by 4.0% between 2010 and 2011, hence the real household expenditure declined by 3,5%.

Disposable income rose by 1.1% per household.

Monthly average disposable income is approximately 514 thousand ISK per household. Household expenditure is on average 86% of the households' disposable income.

The average disposable income per household in the highest income quartile was 147% higher than in the lowest income quartile. The average expenditure per household was 63% higher in the highest income quartile than in the lowest income quartile.

The household expenditure survey has been a continuous survey since 2000. Results are published annually covering a three year period each time.

Tafla 22. Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2009–2011 samanborin við tímabilið 2008–2010

Table 22. Household expenditure survey 2009–2011 compared with the period 2008–2010

COICOP	2008–2010		2009–2011	
